

11. gr.

Gjalddagi vatnsskatts skal vera 15. janúar ár hvert.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts, sem taka má lögtaki, einnig er hann tryggður með lögveði í húseigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

12. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10 000.00 nema þyngri refsing liggji við að lögum. Sektarfé rennur til sveitarsjóðs.

Mál út af broti á reglugerð þessari skal fara með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hvolhrepps í Rangárvallasýslu, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir vatnsveitu Stórólshvolshverfis nr. 196 19. desember 1967.

Félagsmálaráðuneytið, 17. apríl 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

24. apríl 1973.

Nr. 127.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur.

Hinn 16. apríl 1973 hefur skipulagsstjórn ríkisins staðfest þá breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur, að í stað útivistarsvæðis við enda Síðumúla komi iðnaður og vörugeymslur, er kallist Síðumúli 2, 4 og 6.

Félagsmálaráðuneytið, 24. apríl 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

27. apríl 1973.

Nr. 128.

REGLUGERÐ

um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins.

A. Stjórn og rekstur.

1. gr.

Heiti stofnunarinnar er Sölustofnun lagmetisiðnaðarins.

2. gr.

Sölustofnun lagmetisiðnaðarins er sjálfstæð stofnun með sjálfstæðan fjárhag og reikningshald, lýtur sérstakri stjórn og heyrir undir iðnaðarráðherra. Heimili og varnarþing stofnunarinnar er í Reykjavík.

3. gr.

Hlutverk Sölustofnunar lagmetisiðnaðarins er að efla á skipulegan hátt framleiðslu og útflutning á niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum, rækju og öðrum skelfiski fyrir aðila stofnunarinnar, sé þess óskað.

4. gr.

Til að tryggja rekstraröryggi lagmetisiðnaðarins og til að tryggja sérstaklega niðursuðuverksmiðjum þær umbúðir, sem nauðsynlegar eru, er sölustofnuninni heimilt að gerast eignaraðili að dósa- og umbúðaverksmiðju.

Nú kaupir Sölustofnun lagmetisiðnaðarins hlut í slíkri verksmiðju og skal stjórn stofnunarinnar þá tilnefna fulltrúa í stjórn verksmiðjunnar í samræmi við eignarhlutdeild hennar í fyrirtækinu. Skal hann (þeir) gæta hagsmuna niðursuðu- og niðurlagningarverksmiðjanna við allar rekstrarákvörðanir dósa- og umbúðaverksmiðjunnar.

5. gr.

Til að tryggja rekstraröryggi lagmetisiðnaðarins er sölustofnuninni heimilt að stofna innan sinna vébanda tæknideild, sem veiti stofnuninni og aðildarfyrirtækjum hennar tæknilegar ráðleggingar og aðstoð bæði hvað framleiðsluna sjálfa snertir og vélbúnað fyrirtækjanna.

6. gr.

Með aðild sinni að Sölustofnun lagmetisiðnaðarins fela atvinnurekendur stofnunarinnar sölu á allri framleiðslu sinni erlendis og er þeim óheimilt að selja vörur sínar úr landi án milligöngu eða heimildar stofnunarinnar. Stjórn stofnunarinnar getur þó ákveðið aðlögunartíma meðan stofnunin er að byggja upp virkt sölukerfi, og skal atvinnurekendum heimilt á þeim aðlögunartíma að annast sjálfir útflutning á vörum sínum að höfðu samráði við stjórn sölustofnunarinnar. Stefnt sé að því, að sá tími sé ekki lengri en 12 mánuðir frá því að sölustofnunin tekur til starfa. Um framkvæmd þessa ákvæðis skal hafa samráð við viðskiptaráðuneytið.

7. gr.

Aðilum Sölustofnunar lagmetisiðnaðarins ber að fara að fyrirmælum stjórnar stofnunarinnar, sem hún setur í því skyni að auka gæði framleiðslunnar. Standist framleiðslan ekki þær gæðakröfur, sem stjórn stofnunarinnar gerir, hefur hún vald til að synja viðkomandi atvinnurekanda um leyfi til útflutnings á þeirri vöru. Einnig getur stjórnin beitt atvinnurekanda refsiaðgerðum í samræmi við sérstakar reglur þar um, sem settar og samþykktar hafa verið af fulltrúaráði stofnunarinnar.

8. gr.

Fulltrúaráð Sölustofnunar lagmetisiðnaðarins er ráðgefandi um allan rekstur og stefnumörkun stofnunarinnar. Sérhver atvinnurekandi, sem aðild á að sölustofnuninni, á rétt á að skipa einn fulltrúa í fulltrúaráðið. Atkvæðisrétt á fundum fulltrúaráðsins hafa þeir atvinnurekendur einir, sem framleitt hafa niðursoðnar eða niðurlagðar sjávarafurðir og/eða flutt þær út á vegum stofnunarinnar á síðustu 12 mánuðum, áður en fundurinn er haldinn. Ákvæði þetta um atkvæðisréttinn gildir þó ekki um fundi fulltrúaráðsins fyrstu tvö starfsár stofnunarinnar.

9. gr.

Sölustofnun lagmetisiðnaðarins tekur sölulaun fyrir þjónustu sína. Stjórn stofnunarinnar ákveður sölulaun að fenginni umsögn fulltrúaráðs og skulu þau miðuð við að standa straum af sölustarfsemi stofnunarinnar.

Sölustofnuninni er heimilt að taka umboðslaun fyrir þær vörur, sem hún flytur inn og/eða útvegar aðildarfyrirækjum sínum, og skulu þau ákveðin af stjórn stofnunarinnar.

Framlagi ríkissjóðs til stofnunarinnar skal einkum varið til uppbyggingar stofnunarinnar, markaðsöflunar og til að koma upp virku kynningar- og dreifingarkerfi á íslensku lagmeti erlendis.

10. gr.

Iðnaðarráðherra skipar Sölustofnun lagmetisiðnaðarins 5 manna stjórn til þriggja ára í senn í samræmi við ákvæði 4. greinar laganna.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra, sem er prókúruhafi fyrir stofnunina, ákveður honum starfskjör og setur honum erindisbréf. Skal framkvæmdastjórinn annast allan almennan rekstur stofnunarinnar í samræði við stjórnina.

Stjórn Sölustofnunarinnar skal halda reglulega fundi eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði. Framkvæmdastjóri situr stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétti.

Stjórnarfundir eru því aðeins ályktunarhæfir, að þar mæti meirihluti stjórnarinnar, en einfaldur meirihluti atkvæða á stjórnarfundi ræður úrslitum mála.

11. gr.

Í samræði við stjórn stofnunarinnar ræður framkvæmdastjóri annað starfsfólk að stofnuninni og ákveður laun þess og starfskjör.

B. Þróunarsjóður lagmetisiðnaðarins.

12. gr.

Stofna skal Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins í samræmi við 6. og 7. gr. laga um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins.

Sjóðurinn heitir Þróunarsjóður lagmetisiðnaðarins.

Sjóðurinn er í vörzlu og undir stjórn Sölustofnunar lagmetisiðnaðarins undir yfirumsjón iðnaðarráðherra.

13. gr.

Hlutverk sjóðsins er að efla nýjungar og framfarir á sviði lagmetisiðnarins og styrkja tilraunir með nýjar vörutegundir og kynningu þeirra á erlendum mörkuðum. Í því skyni er heimilt að veita úr sjóðnum fjárframlög til verksmiðja í lagmetisiðnaðinum til styrktar tilraunastarfsemi, sem miðar að því að

- (a) framleiða nýja markaðshæfa vörutegund eða þróa nýja vinnsluáferð.
- (b) framleiða vörutegund, sem hæfir neyztuvenjum og aðstæðum á tilteknu markaðssvæði.

14. gr.

Fjárframlög úr Þróunarsjóði lagmetisiðnaðarins má einungis veita aðilum Sölustofnunar lagmetisiðnaðarins. Eigi má verja fé sjóðsins til að ráða bót á almennum reksturserfiðleikum, fjárhagsvanda eða til að standa straum af almennri fjárfestingu í framleiðslutækjum og mannvirkjum.

15. gr.

Tekjur sjóðsins eru sem hér segir:

- (a) Í næstu fimm ár skulu öll útflutningsgjöld af niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum og söltuðum grásleppuhrognum renna í sjóðinn, en þær vorur þá jafnframt undanþegnar hinum almennu ákvæðum um útflutningsgjöld.
- (b) Vextir.
- (c) Aðrar tekjur.

16. gr.

Framkvæmdastjóri Sölustofnunar lagmetisiðnaðarins er framkvæmdastjóri og prókúruhafi Þróunarsjóðsins og tekur hann á móti umsóknum um framlög úr honum og leggur þær fyrir sjóðsstjórnina. Umsókn um fyrirgreiðslu úr sjóðnum skal fylgja

rökstudd greinargerð um lýsingu á því verkefni, sem umsækjandi er að fást við eða hyggst verja framlagi til, sbr. einnig 17. gr.

17. gr.

Nú sækir aðili Sölustofnunar lagmetisiðnaðarins um framlag úr sjóðnum og skal umsækjandi þá leggja fram sundurliðaða áætlun um kostnað af verkinu. Framlag úr sjóðnum skal aldrei nema hærri fjárhæð en helmingi greindrar kostnaðar-áætlunar, enda færi umsækjandi sönnur á, að það fé, sem honum ber að leggja fram, sé fyrir hendi. Áður en fé er veitt úr sjóðnum, skal liggja fyrir umsögn frá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins um umsóknina.

18. gr.

Framkvæmdastjóri sjóðsins skal í samvinnu við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins gaumgæfa tilraunir og nýjungar í framleiðslunni og kynna þær sjóðsstjórninni. Ekki skal mörgum aðilum veitt fé úr sjóðnum til sömu tilraunastarfsemi.

19. gr.

Stjórninni er heimilt að verja fé úr sjóðnum til að kynna nýja vöru á erlend-um mörkuðum eða koma henni á framfæri við ákveðinn kaupanda svo og til kaupa á nægilegu magni af sýnishornum í auglýsingaskyni og til að standa undir dreifingar-kostnaði á þeim sendingum.

20. gr.

Sjóðurinn hefur sjálfstætt reikningshald og skal stjórn Sölustofnunar lagmetisiðnaðarins árlega gera iðnaðarráðherra grein fyrir störfum og stöðu sjóðsins og framkvæmdastjóri sjóðsins undirbúa þá skýrslu í samráði við stjórnina. Skýrslan skal afhent ráðherra um leið og endurskoðaðir reikningar sjóðsins og Sölustofnunarinnar eru lagðir fram.

21. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðuninni.

22. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett skv. lögum um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins nr. 48 16. maí 1972 staðfestist hér með og öðlast gildi þegar í stað.

Iðnaðarráðuneytið, 27. apríl 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

AUGLÝSING

um samkomulag skv. 20. gr. í samningnum frá 9. nóvember 1972 milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um aðstoð í skattamálum.

Til framkvæmdar á samningnum frá 9. nóvember 1972 milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um aðstoð í skattamálum hefur orðið samkomulag um eftirfarandi ákvæði:

1. Með sköttum, sem aðstoð er veitt við, skal telja:

- a) dráttarvexti og viðbótargjöld eða önnur gjöld, sem á falla vegna vanskila á skattgreiðslum, til þess tíma, er krafan er afhent til innheimtu í hinu ríkinu, eða við vanrækslu á upplýsinga- eða framtalsskyldu vegna skatta eða opinberra gjalda (dráttargjald, gjaldálag o. s. frv.);